

Samrunaáætlun
samkvæmt 120. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög
sbr. ákvæði 73. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr.
161/2002

Yfirtökufélag: Sparisjóður Höfðhverfinga hf., kt. 590424-1450, Túngötu 3, 610 Grenivík.

Yfirtekið félag: Sparisjóður Strandamanna hf., kt. 681223-0880, Hafnarbraut 19, 510 Hólmavík.

Stjórnir félaganna tveggja hafa gert í sameiningu eftirfarandi áætlun um samruna félaganna með þeim afleiðingum að yfirtekna félaginu er slitið án skuldaskila og félagið sameinað yfirtökufélaginu.

Sameiningin skal miðast við 1. janúar 2025 og að fyrsti dagur sameinaðs félags telst vera sami dagur. Við lok samrunaferilsins mun Sparisjóður Strandamanna verða afskráður.

Endanleg ákvörðun um samruna verður tekin á hluthafafundi hlutafjáreigenda í samræmi við ákvæði 2. mgr. 106. gr. laga nr. 161/2002 og gildistaka er háð samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Hið sameinaða félag skal heita Sparisjóður Höfðhverfinga hf. Það verður hlutafélag og mun starfa samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Samþykktir Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. verða uppfærðar meðal annars með breytingum sem leiða má beint af samrunanum, þ.m.t. nafn félagsins, hlutafé og heimild til hækkunar á hlutafé.

2. gr.

Heimilisfang félagsins verður að Túngötu 3, 610 Grenivík.

Starfssvæði sjóðsins verður Norðurland og Strandir samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 61. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Gert er ráð fyrir áframhaldandi starfsemi á núverandi starfsstöðvum sparisjóðanna.

3. gr.

Hlutfé Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. er fyrir sameiningu kr. 538.337.826 og hlutfé Sparisjóðs Strandamanna hf. er fyrir sameiningu kr. 432.638.641.

Skiptihlutföll við sameininguna eru eftirfarandi:

Hluthafar í Sparisjóði Strandamanna hf. fá 48,25% í sameinuðu félagi.

Hluthafar í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. fá 51,75% í sameinuðu félagi.

Við sameininguna fá hluthafar í Sparisjóði Strandamanna hf. eingöngu hluti í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. í skiptum fyrir hlutfé sitt. Við samrunann láta hluthafar í Sparisjóði Strandamanna hf. því af hendi alla hluti sína í félaginu, að nafnvirði kr. 432.638.641, og fá í staðinn hluti í hinu sameinaða félagi að nafnvirði kr. 465.859.520.

Við samrunann verður nafnverð núverandi hluthafa í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. aðlagð að hlutfé í hinu sameinaða félagi í samræmi við framangreind skiptihlutföll, og breytist því að nafnvirði úr kr. 538.337.826, í kr. 499.652.438.

Þá falla við samrunann niður eignarhlutir Sparisjóðs Strandamanna hf. í Sparisjóði Höfðhverfinga hf. að nafnvirði kr. 5.464.509, sem yrðu ella eigin hlutir í sameinuðu félagi.

Við samrunann verður því samanlagt hlutfé hins sameinaða félags kr. 965.511.958 að nafnvirði (465.859.520+499.652.438).

4. gr.

Engir hluthafar, hluthafahópar, stjórnarmenn, né aðrir njóta sérstakra réttinda í hinu sameinaða félagi.

5. gr.

Réttindum og skyldum Sparisjóðs Strandamanna hf. skal teljast lokið miðað við 31. desember 2024 enda tekur Sparisjóður Höfðhverfinga hf. við öllum réttindum og skyldum yfirtekna félagsins frá og með þeim tíma gangi samruninn eftir. Þeir hlutir sem látnir eru í té sem endurgjald samkvæmt 3. gr. þessarar áætlunar veita rétt til arðs og annarra réttinda frá 1. janúar 2025.

6. gr.

Til staðfestu samrunaáætlunar þessarar undirrita hana stjórnir Sparisjóðs Strandamanna hf. og Sparisjóðs Höfðhverfinga hf.

30. júní 2025

Stjórn Sparisjóðs Strandamanna hf. Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga hf.

Undirritunarsíða

Víðir Álfgeir Sigurðarson

Björn Líndal Traustason

Guðjón Heiðar Sigurgeirsson

Jenný Jensdóttir

Finnur Ólafsson

Sigurður Jóhann Ingólfsson

Fjóla Valborg Stefánsdóttir

Halldór Jóhannsson

Heimir Ásgeirsson

Sverrir Gestsson